

Áskorun um heimild til að fella niður opinberar greiðslur í landbúnaði þegar dýraníð er sannað

Í frumvarpi til laga um velferð dýra, þingskjali 316 – 283, (<http://www.althingi.is/altext/141/s/0316.html>) sem lagt var fyrir á 141. löggjafarþingi 2013 var Matvælastofnun heimilt að „fella niður opinberar greiðslur í landbúnaði“ í tilefni brota á lögum og reglugerðum um velferð dýra. Þetta var í 34. grein um þvingunarúrræði, en ákvæðið var tekið út er Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda lögðist gegn því. Í nefndaráli atvinnuveganefndar nr. 1216 (<http://www.althingi.is/altext/141/s/1216.html>) kemur fram að BÍ taldi slíkar tillögur stangast á við fyrirmæli annarra laga, svo sem búvörulaga og búnaðarlaga auk þess sem það stangaðist á við samningsskuldbindingar íslenska ríkisins. LK taldi úrræðið að auki til þess fallið að draga úr getu búfjáreigenda til að bæta aðbúnað búfjár og stuðla að ójafnræði meðal búfjáreigenda er það snerti aðeins þá umráðamenn dýra sem þiggja opinberar greiðslur. Dýraverndarsamband Íslands telur hvað það varðar eðli máls samkvæmt að niðurfelling opinberra styrkja snerti aðeins þá sem þeirra njóta.

Atvinnuveganefnd ræddi málið ítarlega og kom það mat fram að þetta úrræði mundi virka vel og verða skilvirkt. Þá var bent á að dýraeigendur sem þiggja opinberar greiðslur í landbúnaði í tengslum við dýrahaldið eigi í ákveðnu samningssambandi við íslenska ríkið og eðlilegt sé að fylgni við landslög sé ein af aukaskyldum samningsaðila. Kom sú skoðun fram að óeðlilegt væri að menn þægju greiðslur úr ríkissjóði á sama tíma og þeir brytu lög. Svo segir í niðurlagi nefndarálitsins: „..... tilvist úrræðisins er eðlileg og í góðu samhengi við þær kröfur sem telja má eðlilegt að gera til gagnaðila ríkisins að samningum sem fela í sér ráðstöfun opinbers fjár. Því beinir nefndin þeirri beiðni til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að það taki til sérstakrar skoðunar hvort ekki sé rétt að skapa rými til upptöku úrræðisins við síðara tilefni, t.d. við endurskoðun búnaðar- og búvörulaga og endurnýjun samninga á grundvelli þeirra.“

Var þarna bent á að úrræðið ætti sér ekki stoð í gildandi búvöru- og búnaðarlagasamningum og að það stangaðist að mörgu leyti á við ákvæði búvörulaga og búnaðarlaga – á þeim tíma. Eftir stendur að úrræðið var ekki tekið upp við endurskoðun á búvöru- og búnaðarlagasamningum sem undirritaðir voru nú í febrúar 2016. Dýraverndarsamband Íslands taldi víst að farið yrði eftir leiðsögn nefndarinnar, enda ljóst að dýraeigendur sem þiggja opinberar greiðslur í tengslum við dýrahald sitt eigi í ákveðnu samningssambandi við íslenska ríkið og sjálfsagt sé að fylgni við landslög sé ein af aukaskyldum samningsaðila.

Skýrt og ítrekað hefur komið fram í almennum umræðum um velferð dýra að almenningur á Íslandi kærir sig ekki um að skattfé fari í styrki til aðila sem uppvísir verður að illri meðferð dýra í búskap. Enn hafa engir stigið fram í þeirri umræðu og beinlínis lýst yfir stuðningi við að aðilar sem uppvísir eru að illri meðferð dýra njóti opinberra styrkja til dýrahalds. Þetta verður hvorki slitið úr samhengi við velferð dýra með rökum um tvöfalda refsingu né íþyngjandi mismunun og er áriðandi sem *eitt af* úrræðum eftirlits og eftirfylgni varðandi dýravelferð. Fordæmi eru fyrir slíku, til dæmis hvað varðar tannlækna og Tryggingastofnun, en haldi tannlæknar ekki lög er samningi við þá slitið, óháð öðrum breytum.

Dýraverndarsamband Íslands telur ótækt með öllu að ríkið styrki aðila fjárhagslega sem uppvísir eru að lögbrotum eins og dýraníði, í starfsemi sem er grundvöllur styrkveitingarinnar. Þegar kemur að dýraníði eða illri meðferð dýra, sérstaklega ef það er alvarlegt eða endurtekið teljum við að dagsektir, stjórnvaldssektir eða önnur úrræði sem nú er heimilt að beita dýrum til verndar dugi ekki til. Það er í hæsta máta óeðlilegt halda áfram að styrkja með opinberu fé, þá sem grimmir eru við dýr. Eftirlátssemi við þessar aðstæður skaðar að auki trúverðugleika allrar bændastéttarinnar sem framleiðenda fyrir neytendur.

Við skorum á bændur og ráðherra að sjá til þess að þetta verði leiðrétt og að heimild til að fella niður opinbera styrki vegna dýraníðs verði felld inn í nýja búvörusamninga og færð aftur inn í lög um dýravelferð með öðrum úrræðum þar.

Við hvetjum Bændasamtök Íslands og öll aðildarfélag þeirra, sem og alla bændur, til að taka afstöðu til þess hvort þau vilja hafa í röðum sínum aðila sem njóti opinberra styrkja til dýrahalds á grundvelli samninga bænda og ríkisins og sem eru á sama tíma uppvísir að alvarlegu eða endurteknu dýraníði eins og dæmi eru um. Við skorum á BÍ og LK að endurskoða afstöðu sína og láta hana í ljósi opinberlega.

Við hvetjum einnig þingmenn allra flokka, sem og neytendur, til að láta sig málið varða.

Virðingarfyllst,
Stjórn Dýraverndarsambands Íslands